

Málefni: Ákvörðun í kvörtunarmálum varðandi óumbeðin fjarskipti

I.

Grundvöllur málsins

Póst- og fjarskiptastofnun hafa borist kvartanir frá fjórum einstaklingum vegna markaðssetningarstarfsemi [X], Um er að ræða kvartanir frá [A], dags. 25. október 2005, [B], dags. 17. nóvember 2005, [C], dags. 12. desember 2005 og [D], dags. 9. maí 2006. Í öllum tilvikum er kvartað yfir því að [X] hafi ekki virt bannmerkingar í símaskrá í tengslum við sölu- og markaðskynningarátaks í gegnum síma. Þannig telja kvartendur að [X] hafi brotið gegn 5. mgr. 46. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003.

Þar sem að framangreindar kvartanir lúta efnislega að því sama og beinast allar að sama aðila, þ.e. fjarskiptafyrirtækinu [X], hefur Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið að taka þær sameiginlega til úrlausnar með ákvörðun þessari. Varðandi grundvöll hennar er vísað til 10. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

II.

Málavextir

Samkvæmt gögnum málsins hóf [X] almenna markaðsetningu og símasölu á þjónustu sinni á haustdögum 2005. Að jafnaði var hringt í íbúa ákveðinna hverfa á Stór-Reykjavíkursvæðinu, en það er þjónustusvæði fyrirtækisins, og þeim boðin þjónusta. Jafnframt stóð fyrirtækið að símasölu á völdum stöðum á landsbyggðinni og bauð þá internetþjónustu yfir ADSL línu frá [...].

Umrædd markaðsetning stóð yfir frá lokum ágúst 2005 til júní loka 2006 með hléum. Til að byrja með útbjuggu starfsmenn fyrirtækisins úthringilista út frá almennum upplýsingum sem aðgengilegar voru á internetinu. Fljótlega var hins vegar leitað til utanaðkomandi aðila varðandi þá þjónustu. [X] kaus að taka tilboði í úthringilista sem ekki innihélt sérstaka merkingu vegna bannnúmera, enda reyndist það ódýrara en listar þar sem bannnúmer voru sérstaklega merkt eða tekin út.

Í framhaldinu óskaði [X] eftir rafrænum aðgangi að símaskrá frá Já ehf. Reyndist tilboð Já ehf., samkvæmt bréfi dags. 30. júní, vera hærra en [X] gátu sætt sig við.

III.

Bréfaskipti

Hefur [X] verið gefinn kostur á því að tjá sig um kvartanirnar hverja fyrir sig og um málið í heild sinni. Verður hér að neðan gerð grein fyrir helstu bréfaskiptum í málinu.

Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 7. desember 2006, var [X] tilkynnt að tvær kvartanir hefðu borist vegna markaðssetningarstarfsemi fyrirtækisins og því boðið að tjá sig um þær. Þá var sérstaklega óskað eftir upplýsingum um hvort [X] hefði tekið

Ákvörðun um að láta ekki samkeyra nafnalista við bannmerkingar í símaskrá sökum kostnaðar, en því er haldið fram í kvörtun [A] með vísan til samtals hans við framkvæmdastjóra fyrirtækisins.

Með bréfi, dags. 18. janúar 2006, var [X] tilkynnt um þriðju kvörtunina vegna málsins. Var fyrirtækinu boðið að tjá sig um kvörtunina auk þess sem framlengdur var frestur þess til að gera hugsanlegar athugasemdir við hinar tvær fyrri kvartanir.

Í svarbréfi [X], dags. 7. febrúar 2006, segir að ekki sé tilefni til þess að svara einstökum efnisatriðum sem fram koma í áður nefndum kvörtunum. Er þess getið að það beri vott um góðan árangur að aðeins hefðu borist þrjár kvartanir í ljósi þess hversu markaðsátak fyrirtækisins hefði staðið lengi yfir og náð til margra heimila á höfuðborgarsvæðinu. Síðan segir m.a. eftirfarandi:

„Einhver brögð hafa verið að því að hálfu þeirra aðila sem unnið hafa úthringilista f.h. [X], að bannnúmer í símaskrá hafi ekki verið merkt. Umræddir aðilar hafa gefið [X] þær upplýsingar að ávallt sé tryggt að þeir aðilar sem hafa tilkynnt sig til þjóðskrár væru ekki vera á úrtakslistum. Að sögn sömu aðila, er verðlagning Símans á rafrænum uppflettingum úr Símaskrá mjög há og þannig er umræddum aðilum gert ómögulegt að samkeyra úrtakslista úr þjóðskrá við símaskrá.“

Í tilefni tilvitnaðra ummæla taldi Póst- og fjarskiptastofnun ástæðu til þess að leita eftir frekari skýringum af hálfu [X]. Með bréfi, dags. 9. febrúar 2006, var annars vegar óskað eftir því að veittar yrðu upplýsingar um þá aðila sem unnið hefðu umrædda úthringilista fyrir fyrirtækið og hins vegar að upplýst yrði hvort skilja mætti ummælin á þann veg að tekin hefði verið ákvörðun um að samkeyra þá ekki við gagnagrunn símaskrár.

Var fyrirspurn Póst- og fjarskiptastofnunar svarað með tölvupósti, dags. 27. febrúar 2006. Í svari fyrirtækisins segir eftirfarandi:

„[X] hefur keypt úttakslista úr þjóðskrá af nokkrum aðilum - yfirleitt leitum við tilboða hverju sinni. Þessir listar innihalda ekki nöfn þeirra sem tilkynnt hafa það til hagstofu að vilja ekki vera á slíkum listum.

[X] hefur síðan á eigin vegum yfirfarið lista og flett upp í netsímaskrá hvort númer séu bannmerkt og tekið þau númer af úthringilistum.

Af kvörtunum þeim sem borist hafa, er ljóst að einhver mistök hafa orðið. Aukin umsvif símasölu eiga þar e.t.v. hlut að máli og teljum við að eina raunhæfa og varanlega leiðin sé að útvega rafrænan aðgang að Símaskránni svo unnt sé að samkeyra lista við Símaskrá.

Já, dótturfélagi Símans hefur verið send beiðni um gera [X] tilboð í rafrænan aðgang, bæði til þessara nota auk nota fyrir innri upplýsingaveitu [X] um símanúmer (sambærilega við 118). Ég man ekki betur en að það liggja fyrir úrskurður Samkeppnisyfirvalda frá 1998 um að Símanum beri að verða við slíkum beiðnum. Ekkert svar hefur borist einn frá Já, þrátt fyrir ítrekun.

Ég bið því um frest til að svara endanlega fyrirspurn þinni og útskýra hvernig þessum málum verði háttað í framtíðinni hjá okkur, í ljósi þess hvort Já muni veita okkur umbeðið aðgengi að símaskrá, enda hefur það afgerandi áhrif á hvernig það ferli mun líta út.“

Með hliðsjón af framangreindum skýringum [X] um að beðið væri eftir svörum frá Símanum hf., varðandi tilboð í rafrænan aðgang að gagnagrunni símskrárinnar, var fallist

á, sbr. bréf dags. 28. febrúar 2006, að veita fyrirtækinu viðbótarfrest til þess að skila stofnuninni endanlegum svörum við fyrirspurn hennar. Var sá frestur veittur til 28. mars 2006.

Höfðu Póst- og fjarskiptastofnun ekki borist svör frá [X]. Þegar stofnuninni barst enn á ný kvörtun vegna markaðssetningarstarfsemi fyrirtækisins, dags. 9. maí 2006. Var fyrirtækinu boðið að tjá sig um kvörtunina með bréfi stofnunarinnar dags. 15. maí 2006. Þá var [X] enn fremur veittur lokafrestur til þess að koma á framfæri endanlegum svörum sínum við fyrirspurn stofnunarinnar samkvæmt framangreindu. Var sá frestur veittur til 2. júní 2006.

Þegar nokkuð var komið fram yfir tilskilinn frest bárust Póst- og fjarskiptastofnun að lokum endanleg og ítarleg sjónarmið [X] til málsins, sbr. bréf dags. 3. júlí 2006. Verður þessum sjónarmiðum fyrirtækisins gerð ítarleg skil í eftirfarandi kafla. Með nefndu bréfi fylgdi jafnframt bréflégt svar Já ehf., dags. 30. júní 2006, við óskum [X] um að fá rafrænan aðgang að símaskrá.

IV. *Sjónarmið [X]*

Í bréfi sínu frá 3. júlí 2006 gerir [X] grein fyrir sjónarmiðum sínum með svofelldum hætti:

„[X] [...] á íslenskum fjarskiptamarkaði og markaðssetur félagið þjónustu sína undir vörumerkinu [...]. Samkeppni á íslenska fjarskiptamarkaðinum einkennist af tvíkeppni, þ.e. markaðinum stýrt af tveimur stórfyrirtækjum, Símanum og OG Vodafone (Dagsbrún hf.).

Í viðleitni sinni til þess að brjóta upp tangarhald það sem Síminn og OG Vodafone hafa á markaðinum, hefur [X] beint markaðsstarfi sínu í óhefðbundinn farveg, bæði hvað varðar markaðsetningu og uppbyggingu vörumerkis, sem og í beinni sölustarfsemi. Er það mat forsvarsmanna [X] að slíkt sé nauðsynlegt til að brjóta upp téða tvíkeppni og ná því markmiði að byggja upp [X] sem öflugan samkeppnisaðila á íslenska fjarskiptamarkaðinum.

[X] vill í því sambandi benda á að verð á internetþjónustu hefur lækkað um allt að 70% frá því félagið hóf samkeppni í desember 2004. [X] hóf símaþjónustu í byrjun maí mánaðar 2006 og býður t.d. verð á útlandasímtölum sem eru 80% lægri en ríkjandi verð á markaðinum.

Í ljósi ofangreinds, eru forsvarsmenn [X] þeirrar skoðunar að það séu miklir hagsmunir fyrir neytendur að félagið nái að koma boðskap sínum til sem flestra. Er sölustarfsemi félagsins er lítur að úthringinum til almennings mikilvægur þáttur í þeirri starfsemi, þar eð það gefur fulltrúum félagsins tækifæri á að kynna fyrir almenningi samanburð á verði og gæðum m.v. þá þjónustu sem samkeppnisaðilar veita, svara spurningum viðkomandi og taka við þjónustupöntunum ef því er til að dreifa. Hefur þessi starfsemi félagsins borið góðan árangur og er almennt vel tekið af almennungi.

[X] hafa borist nokkrar kvartanir frá pósti og fjarskiptastofnun, f.h. einstaklinga, sem kvarta undan því að bannnúmer í “símaskrá” hafi ekki verið virt. Til útskýringar, þá er “símaskrá” ekki hlutlaus þjónustuaðili, heldur í eigu Já ehf, sem er dótturfélag í 100% eigu Símans, samkeppnisaðila [X]. Hefur Já ehf. einokunarstöðu á sviði markaðar fyrir upplýsingarþjónustu um símanúmer, þar á meðal skráningu bannnúmera. Að mati [X] ríkir ákveðinn misskilningur meðal almennings um hlutverk “símaskrár” sem á rætur að rekja til þess tíma þegar Síminn var ríkisstofnun og þjónusta sem þessi,

þ.e. upplýsingaveita um símanúmer, var hluti af þjónustu þeirrar stofnunar og var eini aðilinn á markaði sem annaðist þess konar þjónustu.

Í fjarskiptalögum 81/2003, 45. gr., er kveðið á um að áskrifendur fjarskiptafyrirtækja skuli eiga rétt á að vera skráðir í opinberum númera- og vistfangaskrá. Almenn, hefur túlkun þessa ákvæðis verið svo að hverju einstöku fjarskiptafyrirtæki sé skylt að taka við skráningu í símaskrá fyrir sína eigin viðskiptavinum og birta á aðgengilegan máta, t.d. á vefsvæði sínu. Engin ákvæði eru í lögnum um að fjarskiptafyrirtækjum á markaði sé skylt að reka sameiginlega númera- eða vistfangaskrá. Í 46. gr. fjarskiptalaga, 81/2003, segir *“Notendur sem nota almenna talsímaþjónustu sem lið í markaðssetningu skulu virða merkingu í símaskrá sem gefur til kynna að viðkomandi áskrifandi vilji ekki slíkar hringingar í símanúmer sitt”* Síminn og síðar Já ehf. bjóða almennum talsímanotendum að skrá númer sín sem bannnúmer hvað almenna markaðssetningu varðar. Símaskrá OG Vodafone sem birt hefur verið á vefnum www.vodafone.is um nokkurt skeið, hefur ekki innihaldið skráningu bannnúmera. Að mati [X] er því framfylgd ákvæða um bannnúmer mjög villandi og ekki einhlít. Einungis fulltrúi annars fjarskiptarekandans á markaði fyrir almennta talsímaþjónustu, Já ehf., skráir bannnúmer en ekki OG Vodafone.

Að mati [X] er framfylgd ofangreinds ákvæðis í 46. gr. fjarskiptalaga mjög ábótavant. [X] telur að ekki sé hægt að setja í lög ákvæði sem fela í sér þá kvöð að til þess að uppfylla ákvæðið, verði [X] að gangast undir einhliða viðskiptaskilmála Já ehf., sem er í 100% eigu Símans, samkeppnisaðila [X].

[X] er þeirra skoðunar að ákvæði 46. gr. fjarskiptalaga feli í sér að hlutlaus aðili á markaði, t.d. Hagstofa Íslands eða annar aðili sem Póst- og fjarskiptastofnun tilnefnir, verði að annast skráningu bannmerkinga og framfylgi því að bannnúmer séu skráð hjá öllum þeim aðilum sem skylt er að birta upplýsingar um símanúmerum. [X] er einnig þeirra skoðunar að ekki sé rétt að gjald sé tekið fyrir að miðla þeim upplýsingum, enda er hugsunin á bak við lagasetninguna að vernda almannahagsmuni.

Þeim aðilum sem beint hafa kvörtunum beint til [X] vegna þess að hringt hefur verið í bannnúmer í Símaskrá Já ehf., hefur [X] bent á að skrá sig á bannlista hjá Hagstofu Íslands. Á þann hátt er tryggt að viðkomandi er hvorki á úthringilistum fyrir skoðanakannanir né sölustarfsemi, enda viðtekin vinnuregla við úthringilista að sækja úttak fyrst í þjóðskrá og fletta svo upp í símaskrá.

Já ehf. rekur vefsíðu (www.simaskra.is eða www.ja.is) sem opin er almenningi án gjaldtöku. Á henni koma fram m.a. bannmerkingar. Það er samt sem áður ekki raunhæfur valkostur fyrir [X], vegna þess hve það er tímafrekt, að láta starfsfólk sitt fletta upp á vefsíðu Já ehf. hvort símanúmer sé með bannmerki. Hefur því [X] ítrekað leitað til Já ehf., fyrst 7. febrúar 2006, um það að fá rafrænan aðgang að símaskránni í þeim tilgangi að vinsa út bannnúmer úr úthringilistum sem [X] hefur látið útbúa fyrir sig á grundvelli þjóðskrár. Tilboð um rafrænan aðgang að símaskrá Já ehf. barst [X] þann 30. júní 2006. Samantekt tilboðs Já ehf. er sem hér segir:

Verð fyrir gagnagrunn símaskrár í heild sinni kr. 29.450.786,-

Beintenging við gagnagrunn með uppflettingu:

- Fast gjald kr. 775.000 á mánuði
- Hver uppfletting kostar kr. 31, lágmarksgreiðsla kr. 112.050
- Stofngjald við beintengingu kr. 300.000

Skv. tilboði Já ehf., skilar hver uppfletting einungis einni færslu til baka og því má gera ráð fyrir að tvær færslur þurfi til við uppflettingu bannnúmera, þ.e. fletta fyrst upp sjálfu númerinu og svo hvort bannnúmer sé skráð. Kostnaður yrði því kr. 62 við hverja athugun. Til samanburðar, þá kostar 30 sekúndna símtal til Já ehf. á dagtaxta kr. 68, en neytendur er gefinn kostur að fletta upp nokkrum númerum.

Umrædd verðlagning á þjónustu Já ehf., dótturfélags í 100% eigu Símans, er því þannig vaxin að það er verulega þýngjandi fyrir [X] að uppfylla ákvæði 46. gr. fjarskiptalaga. [X] ítrekar því skoðun sína að félaginu sé einungis skylt að framfylgja skráningu bannnúmera hjá Hagstofu Íslands eða hjá öðrum opinberum aðila sem veitir aðgengi að þeim upplýsingum á ásættanlegum kjörum og

gera þannig [X] kleyft að framfylgja 46. gr. fjarskiptalaga. Á meðan gjaldtöku Já ehf. er óhófleg í krafti einokunaraðstöðu fyrirtækisins, er [X] einfaldlega ekki fjárhagslega unnt að framfylgja ákvæðum 46. gr. fjarskiptalaga á annan hátt en hér er lýst.“

V.

Forsendur og niðurstaða

Í ákvörðun þessari þykir ekki vera ástæða til þess að víkja sérstaklega að efni hveurr kvörtunar fyrir sig. Er það í samræmi við afstöðu [X] um að efnisatriði einstakra kvartana gefi fyrirtækinu ekki tilefni til athugasemda. Þá hefur fyrirtækið heldur ekki vefengt að hafa hringt í þá einstaklinga sem að baki kvörtununum standa. Því mun ákvörðunin einskorðast við skýringu á þeim ákvæðum laga um fjarskipti nr. 81/2003 er lúta að skráum yfir áskrifendur og óumbeðin fjarskipti.

1.

Í 45. gr. fyrrnefndra laga er fjallað um skrár yfir áskrifendur. Hefur ákvæðið annars vegar að geyma reglur er lúta að mikilvægi þess að almenningi séu tiltækar heildstæðar upplýsingar um símanúmer notenda og hins vegar reglur um einstaklingsbundin réttindi í tengslum við skráningu slíkra upplýsinga.

Samkvæmt 3. mgr. 45. gr. er það hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar að tryggja að öllum notendum sé opin a.m.k. ein símaskrá sem hefur upplýsingar um öll símanúmer, svo og ein slík upplýsingaþjónusta. Í því skyni getur stofnunin m.a. sett kvaðir á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk til þess að veita slíka þjónustu. Þá er mælt fyrir um heimild stofnunarinnar til þess að skylda fjarskiptafyrirtæki til að miðla símaskrárupplýsingum svo að unnt sé að veita þjónustuna, sbr. 4. mgr. ákvæðisins.

Af ákvæðinu má ráða að veiting símaskrárþjónustu hér á landi er ekki takmörkuð með lögum. Sérhverju fjarskiptafyrirtæki, svo og öðrum lögaðilum, er þannig heimilt að starfrækja slíka upplýsingaþjónustu bæði að því er varðar eigin áskrifendur og annarra fjarskiptafyrirtækja.

Getur Póst- og fjarskiptastofnun því ekki fallist á sjónarmið [X] um nefnt ákvæði 46. gr. fjarskiptalaga feli í sér að hlutlaus aðili á markaði, t.d. Hagstofa Íslands eða annar aðili sem Póst- og fjarskiptastofnun tilnefnir, verði að annast skráningu bannmerkinga og framfylgi því að bannnúmer séu skráð hjá öllum þeim aðilum sem skylt er að birta upplýsingar um símanúmerum. Með vísan til framangreinds er því einnig hafnað að fyrirtækið Já ehf. hafi lögbundna einokunarstöðu á sviði markaðar fyrir upplýsingarþjónustu um símanúmer, þar á meðal skráningu bannnúmera.

Ljóst er að öllum fjarskiptafyrirtækjum ber skylda til þess að verða við kröfum áskrifenda, samkvæmt umræddu ákvæði 45. gr. fjarskiptalaga, um að gefið sé til kynna í skrá að upplýsingar skráðar um hann megi ekki nota í tilgangi beinnar markaðssetningar. Sú skylda er með öðrum orðum ekki bundin við þann aðila sem veitir heildstæða þjónustu um símaskrárupplýsingar, í þessu tilviki Já ehf. sem er í eigu Símans hf.

2.

Í 46. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 er að finna ákvæði er varðar óumbeðin fjarskipti og á það sér fyrirmynd í 13. persónuverndartilskipunar nr. 2002/58/EB. Tilgangur ákvæðisins er að takmarka það ónæði sem notendur fjarskiptaþjónustu geta orðið fyrir vegna beinnar markaðssetningar með hjálp fjarskiptatækni, eins og komist er að orði greinargerð sem fylgdi frumvarpinu sem varð að fyrrnefndum lögum. Hugtakið óumbeðin fjarskipti er ekki skilgreint sérstaklega en af efni ákvæðisins má ráða að það eigi við þegar skilaboðum er komið á framfæri með símbréfum, tölvupósti og í almennri talsímaþjónustu. Er 5. mgr. ákvæðisins svohljóðandi:

„Notendur sem nota almenna talsímaþjónustu sem lið í markaðssetningu skulu virða merkingu í símaskrá sem gefur til kynna að viðkomandi áskrifandi vilji ekki slíkar hringingar í símanúmer sitt.“

Ákvæði þetta er óundanþægt og gildir til viðbótar við 2. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Samkvæmt því ákvæði er óheimlit að hringja í þá einstaklinga sem hafa skráð sig á bannskrá Þjóðskrár (áður Hagstofu Íslands) þegar um er að ræða markaðssetningu. Er því nauðsynlegt að líta bæði til bannskrár Þjóðskrár og bannmerkinga í símaskrá áður en hringt er í tiltekið símanúmer vegna markaðs- og sölukynninga. Af þessum sökum getur Póst- og fjarskiptastofnun ekki fallist á þá skoðun [X] að fyrirtækinu sé einungis skylt að taka tillit til bannskrár Þjóðskrár.

Upplýsingar um bannmerkt símanúmer eru hvort tveggja að finna í prentaðri útgáfu símaskrár og í rafrænni útgáfu hennar sem finna á vefslóðinni www.simaskra.is. Á umræddri vefsíðu er að kostnaðarlausu unnt að athuga hvort tiltekin símanúmer séu bannmerkt eður ei. Aðeins er hægt að fletta upp á einu símanúmeri í senn, en hver uppfletting tekur að jafnaði ekki nema nokkrar sekúndur. Þótt vissulega megi taka undir sjónarmið [X] um að tímafrekt kunni að vera að fletta upp símanúmerum með þessum hætti, sérstaklega ef um mikinn fjölda númera er að ræða, verður á hinn bóginn ekki sagt að fyrirtækið sé tilneytt að kaupa rafræna samkeyrslu af fyrirtækinu Já ehf. Verður því ekki fallist á þá túlkun [X] að fyrirtækinu sé skylt að gangast undir einhliða viðskiptaskilmála Já ehf.

Með tilliti til þess að fyrirtækinu Já ehf. er ekki búin einokunarstaða að lögum varðandi veitingu símaskrárþjónustu, auk þess sem umræddrar upplýsingar eru almenningi aðgengilegar að kostnaðarlausu eins og að framan hefur verið lýst, fær Póst- og fjarskiptastofnun ekki séð með hvaða hætti verðlagning Já ehf. á þjónustu sinni hafi áhrif á þá afdráttarlausu skyldu símnotenda til að virða bannmerkingar í símaskrá. Ef það er skoðun [X] að Já ehf. misbeiti markaðsráðandi stöðu sinni, að því er varðar verðlagningu á þjónustu sinni, er hugsanlegt að slíkt varði við ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005. Mál þar að lútandi heyra undir valdsvið Samkeppniseftirlitsins.

3.

Samkvæmt framangreindu er það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að öllum fjarskiptafyrirtækjum sem veita símaskrárupplýsingar um viðskiptavini sína ber jafnframt að bannmerkja símanúmer að óskum viðskiptavina sinna. Fyrirtækinu Já ehf. er ekki búin einokunarstaða samkvæmt fjarskiptalögum og er sérhverju fjarskiptafyrirtæki, svo og

öðrum lögaðilum, heimilt að starfrækja heildstæða upplýsingaveitu um öll símanúmer. Ákvæði 5. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga, sem kveður á um að óheimilt sé að hringja í bannmerkt símanúmer í þágu markaðssetningar, gildir til viðbótar við ákvæði um bannskrá Þjóðskrár, sbr. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000. Til þess að uppfylla skilyrði 5. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga er ekki nauðsynlegt að kaupa þjónustu af fyrirtækinu Já ehf. Með þessu er sjónarmiðum [X] til málsins hafnað og talið að fyrirtækið hafi brotið gegn umræddu ákvæði fjarskiptalaga með því að hringja í bannmerkt símanúmer kvartenda.

Ákvörðunarorð

[X] braut gegn ákvæði 5. mgr. 46. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 með því að hringja í bannmerkt símanúmer kvartenda.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell V. Gíslason

Björn Geirsson